

# Skýrsla æskulýðsnefndar Háfeta Þorlákshöfn 2015



Æskulýðsnefnd Háfeta 2015:

Linda Ósk Jónsdóttir  
Eevakaisa Jónasson  
Sjöfn Sæmundsdóttir  
Josefine Wikenholm

Reiðnámskeið fyrir börnin byrjaði í lok janúar og var mjög góð þátttaka miða við fjölda barna í félaginu okkar. Við fengum krakka úr Þorlákshöfn á námskeið, þau voru svo heppin að fá hesta lánaða. Svo erum við svo heppin að ungt par hefur opnað reiðskóla á svæðinu okkar og buðu uppá þriggja vikna námskeið síðasta sumar þar sem reiðskólinn skaffaði hesta og öll reiðtygi. 33 börn skráðu sig á námskeiðið sem er algjört met fyrir svæðið okkar. Börnin í þorpinu eru mjög áhugasöm og ætla öll að æfa hestaíþróttir næsta vetur þar sem reiðskólinn mun bjóða uppá reiðkennslu frá 19 október fram í júní á næsta ári. Mikil ánægja og gleði er á meðal barnanna og ekki síst foreldra að geta boðið börnunum þessi forréttindi. Börnin munu skrá sig í hestamannafélagið og taka þátt í æskulýðsstarfi Háfeta í vetur.

Börnin okkar tóku þátt í öllum Hallarmótunum og stóðu sig mjög vel. Þau voru mjög þrúð og vel undirbúin undir hvert mót þar sem partur af reiðkennslunni er undirbúningur fyrir mót. Í febrúar vorum við með ærsladag, þá komu börnin saman og fóru í gegnum þrautabraut sem reiðkennarinn hafði sett upp. Þessi dagur veitti mikla lukku á meðal barnanna.



Hér má sjá tvær ungar og efnilegar. T.v Kamilla Sól á Húmfaða og Eva Margrét á Funa.

Þar sem öll félög landsins voru hvött til þess að hafa Hestadaga 2015 þá byrjuðum við að skipuleggja flott atriði fyrir öll börnin okkar. Við auglýstum sýninguna okkar vel og var hún vel sótt. Fjögur sýningaratriði voru æfð. Þau allra yngstu sýndu sætisæfingar á hesti.



Á myndinni er yngsti knapi Háfeti að gera sætisæfingar Gabríela Máney 2 og hálfis árs. Næsta atriði voru Elsumnar í Frozen sem sýndu okkur flottar töltslaufur. Þar næst var Grimmhildur grámann og dalmatíuhestarnir. Síðast en alls ekki síst voru fimleikar á hesti. Það atriði sló heldur betur í gegn og voru áhorfendur algjörlega orðlausir yfir fjölbreytileika og dugnaðinum í börnunum okkar.



Hulda Vaka á

Skugga og Unnur Rós á Glotta.



Hulda Vaka á Skugga





Unnur Rós á Glotta



Ronja Alexandra á Heklu, Kamilla Sól á Húmfaxa og Silvia Rós á Tíu (á bakvið)



Kamilla Sól á Húmfaxa og Ronja Alexandra á Heklu

Háfeti hefur ekki tekið þátt í Hestafjöri í 4 ár og eftir allar æfingarnar fyrir Hestadaga ákváðum við að slá til og skrá hópinn okkar. Tvö atriði fóru frá Háfeta, systurnar Ronja Alexandra, Silvia Rós og Kamilla Sól tóku þátt fyrir hönd Háfeta í ár. Æskulýðsnefnd Háfeta er mjög stolt af stelpunum og sýndu þær bæði atriðin með glæsibrag. En fimleikaatriðið sló heldur betur í gegn og voru mikil fagnaðarlæti að því loknu. Við erum stolt af okkar börnum.

















Tekið skal fram að fimleikar á hesti eru krefjandi æfingar og þarf réttan búnað og hjálmar eru bannaðir þar sem meiri slyshætta hlýst af þeim.

Mikill hugur er í börninum og þau voru ákveðin að mæta aftur á næsta námskeið.